

**Leiðbeiningar og stefnumið
um
stjórnarhætti, fyrirsvar
og
félagslega ábyrgar fjárfestingar**

Nóvember 2015

Um Stapa lífeyrissjóð

Stapi lífeyrissjóður (hér eftir Stapi) er lífeyrissjóður fyrir launamenn á almennum vinnumarkaði á svæðinu frá Hornafirði til Hrutafjarðar. Sjóðurinn var stofnaður með samruna Lífeyrissjóðs Norðurlands og Lífeyrissjóðs Austurlands árið 2007. Sjóðurinn hefur orðið til úr fleiri samrunum og rekur elsti sjóðurinn starfsemi sína aftur til 1938.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sínar. Sjóðurinn hefur að markmiði að hámarka ávöxtun að teknu tilliti til áhættu og hámarka þannig réttindi sjóðfélaga til lengri tíma litið. Þessu markmiði hyggst sjóðurinn ná með því að móta ábyrgja fjárfestinga- og áhættustefnu. Hluti af þeirri stefnu er að ávaxta hluta af eignum í innlendum hluta- og skuldabréfum sem skráð eru á aðallista Kauphallar Íslands.

Fjárfestingastefna Stapa er sett af stjórn sjóðsins og er hún yfirfarin árlega með tilliti til áhættupols og markaðsaðstæðna. Sjóðurinn hefur sett sér áhættustefnu þar sem leitast er við að bera kennsl á helstu áhættur í starfsemi sjóðsins og stýra þeim með viðeigandi hætti. Áhættustefnan miðar að því að varðveita eignir sjóðsins og ná hámarksávöxtun miðað við skilgreinda áhættutöku.

Inngangur

Stjórn og starfsmenn Stapa eru vörsluaðilar lífeyrissparnaðar sjóðfélaga og ber sem slíkum að standa vörð um hagsmuni þeirra og hafa þá að leiðarljósi í störfum sínum. Í því er m.a. fólgin sú krafa að sjóðurinn stuðli að því að bestu faglegu viðmið um stjórnarhætti fyrirtækja séu í heiðri höfð hjá þeim fyrirtækjum þar sem sjóðurinn fjárfestir eða felur eignastýringu fyrir hönd sjóðsins. Sjóðurinn trúir því að góðir stjórnarhættir stuðli að góðum og hagfeldum rekstri og þjóni þannig hagsmunum eigenda og annarra hagsmunaaðila til lengri tíma litið. Stefnumiðum þessum er fyrst og fremst beint að fjárfestingum í fjármálagerningum skráðra hlutafélaga, en eiga einnig við um óskráðar fjárfestingar og félög sem stýra eignum fyrir sjóðinn, eftir því sem við getur átt.

Þessi **Stefnumið og leiðbeiningar** eru útbúnar til aðstoðar fyrir fjárfestingateymi og áhættustýringu Stapa og eru hluti af stefnu sjóðsins um góða stjórnarhætti og ábyrgt fyrirsvar. Stefnunni skal fylgt af fagmennsku og nærgætni. Hún er notuð af fjárfestingateyminu til að meta stjórnarhætti fyrirtækja þar sem Stapi er fjárfestur eða hyggst fjárfesta og veita leiðsögn um þær kröfur sem Stapi gerir til þessara fyrirtækja. Lögð er áhersla á að stefnunni, sem staðfest hefur verið af stjórn Stapa, sé beitt þannig að taka megillit til mismunandi aðstæðna ólíkra fyrirtækja og atvinnugreina. Sjóðurinn er langtíma fjárfestir sem leggur áherslu á að eiga uppbyggileg samskipti við stjórnendur fyrirtækja um stjórnarhætti. Markmið slíkra samskipta er að stuðla að bættum stjórnarháttum og um leið að auka skilning á aðstæðum fyrirtækisins og helstu áhættum í rekstri þess. Þau stefnumið og leiðbeiningar sem hér eru sett fram taka til allra fjármálagerninga sem Stapi fjárfestir í eftir því sem við getur átt. Stapi er fylgjandi því að innlend fyrirtæki fylgi þeim leiðbeiningum sem Viðskiptaráðs Íslands, NASDAQ OMX á Íslandi og Samtök atvinnulífsins hafa gefið út um stjórnarhætti fyrirtækja.

Farið er yfir leiðbeiningar þessar og þær uppfærðar reglulega til að tryggja að þær séu viðeigandi og samrýmist ríkjandi skoðunum á góðum stjórnarháttum á hverjum tíma.

Grunnstefna:

- Með stjórnarháttum er átt við þær aðferðir sem notaðar eru við stjórnun félaga. Þeir taka m.a. til þess sambands og samskipta sem er milli stjórnenda félags, stjórnar þess, hluthafa, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila

- Við leitumst við að sinna eigendaskyldum okkar með virkum hætti m.t.t. vægis okkar sem eiganda og þegar aðstæður gefa tilefni til og að því marki sem nánar er lýst í stefnu þessari
- Við leitumst við að auka verðmæti fjárfestinga okkar til lengri tíma litið með því að beita okkur, með uppbyggilegum hætti, fyrir því að fyrirtæki viðhafi góða stjórnarhætti
- Við notum atkvæðisrétt okkar á hluthafafundum og öðrum sameiginlegum fundum fjárfesta með hagsmuni sjóðfélaga okkar að leiðarljósi. Sama leiðarljós er haft í öllum samskiptum okkar við fyrirtæki
- Við reynum að hafa jákvæð áhrif á þróun góðra stjórnarháttanna
- Við komum skoðunum okkar á góðum stjórnarháttum á framfæri við þau fyrirtæki sem við fjárfestum í og til annarra sem áhuga hafa
- Við erum ábyrg gagnvart sjóðfélögum okkar og komum á framfæri samskiptum okkar við fyrirtæki um stjórnarhætti innan þeirra heimilda, sem lög og reglur leyfa
- Við leitumst við að sýna frumkvæði í öflun upplýsinga um stjórnarhætti og félagslega ábyrgð félaga í eignasafni okkar

Samþykktir

Fyrirtæki skal hafa samþykktir, sem uppfylla skilyrði laga og hafa verið samþykktar af hluthöfum. Við teljum að eftirfarandi atriði skulu tiltekin í samþykktum:

- ábyrgð stjórnar, hvernig hún skiptir með sér verkum og skilgreining á hlutverki hennar
- ákvæði um aðalfundi og hluthafafundi
- hlutabréfaflokka og réttindi hvers flokks
- forkaupsréttur hluthafa að nýju hlutafé

Við styðjum að atkvæðaréttur sé hverju sinni í réttu hlutfalli við hlutafjáreign. Við styðjum almennt ekki ákvæði, sem veita tilteknum hluthöfum sérstök réttindi (s.s. „poison pill“, „Golden Share“ o.s.frv.) eða önnur ákvæði sem ganga gegn viðteknum grunngildum í góðum stjórnarháttum.

Stjórnarmenn

Stjórn

Skilvirk stjórn á að stýra sérhverju fyrirtæki. Stjórnin ber endanlega ábyrgð á málefnum fyrirtækisins og er fyrst og fremst ábyrg gagnvart hluthöfum. Henni ber að tryggja að viðeigandi og skilvirkir ferlar séu til staðar í starfsemi félagsins þannig að lykil verkefni þess séu framkvæmd með hagfelldum hætti. Þessi verkefni eru m.a.:

- að setja sér starfsreglur
- að gefa út stjórnarháttaryfirlýsingu og gera grein fyrir framkvæmd hennar
- að móta starfskjarastefnu og gera grein fyrir framkvæmd hennar
- að móta stefnu um samfélagslega ábyrgð og umhverfismál
- að bera kennsl á og stýra helstu áhættum í rekstrinum
- að skilgreina áhættuþol og endurskoða það með reglubundnum hætti
- að hafa eftirlit með rekstri fyrirtækisins og skipulagi stjórnunar og eftirlits, þ.m.t. innra eftirlits og áhættustjórnunar, til að tryggja heilindi og hagkvæmni í rekstrinum
- að móta með virkum hætti og innleiða stefnu og áætlanir
- að móta og viðhalda stjórnskipulagi sem samræmist markmiðum um að auka verðmæti hlutafjár til lengri tíma litið
- að tryggja góð samskipti og upplýsingar til hluthafa, ásamt góðri upplýsingagjöf til markaðarins í samræmi við lög og góðar venjur

Stjórnin ber ábyrgð á að fyrirtækið hlíti þeim lögum og reglum sem gilda um starfsemi þess og að til staðar sé eftirlit sem tryggir slíka hlítni.

Auk þess er stjórnin ábyrg fyrir því að setja fyrirtækinu gildi sem eru lýsandi fyrir gott fyrirtæki og sjá til þess að þau séu höfð að leiðarljósi á öllum stigum starfseminnar.

Samsetning stjórnar

Allir stjórnarmenn eiga að vinna sameiginlega að hagsmunum félagsins. Stjórnin á að vera samsett úr blöndu af háðum og óháðum stjórnarmönnum. Stjórnin skal vera samsett þannig að sérhagsmunir einstakra hluthafa, hópa eða einstaklinga verði ekki um of ráðandi eða hafi óeðlileg áhrif á ákvarðanir stjórnar eða þá stjórnarhætti sem viðhafðir eru hjá fyrirtækinu. Áhersla er lögð á að samsetning stjórnar sé með þeim hætti að breið og víðtæk reynsla, menntun, fagleg þekking á starfsgrein og hæfni stjórnarinnar í heild falli sem best að þörfum félagsins. Stefnu um jafnvægi og fjölbreytni innan stjórnar ætti að gera opinbera.

Við mat á jafnvægi innan stjórnarinnar er litið til atriða eins og þess hvort stjórnarformaður hefur verið stjórnandi félagsins eða er nátengdur stærstu hluthöfum og hvort óháðir stjórnarmenn hafa nægjanlegt vægi. Við munum leggja gegn því að stjórnandi félags sé jafnframt í stjórn þess. Stjórnarmaður sem hefur áhrif og er óháður ætti að vera aðgengilegur fyrir almenna hluthafa þannig að þeir geti, ef eftir því er leitað, komið skoðunum sínum á framfæri við stjórn.

Upplýsingar til stjórnar

Stjórn og undirnefndir stjórnar eiga að fá nægjanlega góðar og tímanlegar upplýsingar til að geta gegnt skyldum sínum. Jafnframt þarf að tryggja að stjórn sé haldið upplýstri um störf undirnefnda.

Skilvirkni stjórnar

Stjórn skal setja sér starfsreglur sem sniðnar eru að lögboðnum og góðum stjórnarháttum. Í starfsreglunum skulu m.a koma fram með skýrum hætti ákvæði um:

- hvert hlutverk stjórnarformanns er
- samskipti og valdmörk stjórnar og framkvæmdastjóra
- starfsáætlun stjórnar
- að stjórnin velji undirnefndir og setji þeim starfsreglur
- árangursmat stjórnar
- vanhæfi og hagsmunaárekstra
- reglubundna endurskoðun starfsreglna, stjórnháttaryfirlýsingar og starfskjarastefnu

Við ætlumst til þess að stjórnin sjái til þess að til staðar séu verkferlar til að meta árangur stjórnarstarfsins. Þetta mat á að vera á ábyrgð tilnefningarnefndar eða valnefndar, ef hún er til staðar. Niðurstöðu þessarar vinnu skal taka saman í skilmerkilega skýrslu sem nýtist sem rökstuðningur fyrir þeim tilnefningum sem gerðar eru til stjórnar og í nefndir.

Kosning stjórnar

Kjósa á um alla stjórnarmenn með reglulegu millibili á hluthafafundum. Æskilegast er að kosning allra stjórnarmanna fari fram árlega. Áhersla er lögð á að fjöldi stjórnarmanna sé hæfilegur með hliðsjón af eðli félags og umfangi rekstrar þess. Við teljum æskilegt, a.m.k. hjá stærri fyrirtækjum, að komið sé á fót tilnefningar- eða valnefnd til að gera tillögu að einstaklingum í stjórn. Æskilegt er að tilnefningarnefnd sé valin af hluthöfum og í henni sitji aðrir en stjórnarmenn, í það minnsta er æskilegt að formaður nefndarinnar sitji ekki í stjórn. Ef tilnefningarnefnd er skipuð af stjórn og stjórnarmenn eiga sæti í nefndinni er æskilegt að hún sé að meirihluta til skipuð óháðum stjórnarmönnum. Forstjóri félags eða aðrir æðstu stjórnendur eiga ekki að eiga sæti í tilnefningarnefnd.

Samskipti við hagsmunaaðila

Stjórn félags, sem rekið er með langtíma hagsmuni hluthafa að leiðarljósi, skal sjá til þess að samskipti við hagsmunaaðila eins og starfsmenn, birgja og viðskiptamenn sé viðhaldið með eðlilegum og

hagkvæmum hætti þ.m.t. með tilliti til laga, reglna, umhverfis og samfélags. Mikilvægt er að sjálfstæði stjórnarmanna í störfum þeirra sé virt, sem og sú þagnar- og trúnaðarskylda gagnvart félaginu sem á þeim hvílir. Jafnframt þarf, í slíkum samskiptum, að gæta að reglum um meðferð innherjaupplýsinga, jafnræði hluthafa og þeim sjónarmiðum sem samkeppnislög og virk samkeppni byggja á.

Óháðir stjórnarmenn

Við teljum æskilegt að ekki færri en 1/3 stjórnarmanna teljist óháðir félaginu, stærstu hluthöfum þess og viðskiptamönnum. Með óháðum stjórnarmönnum er átt við eftirfarandi:

- hafi ekki verið starfsmaður félagsins eða tengdra félaga a.m.k. sl. 3 ár
- hafi ekki átt í viðamiklum viðskiptum við félagið sem einstaklingur eða verið eigandi, stjórnandi eða einhvers konar yfirmaður hjá félagi sem átt hefur í slíkum viðskiptum sl. 3 ár
- hafi ekki þegið eða þiggi greiðslur frá félaginu, aðrar en stjórnarlaun, eða á kauprétti af hlutum í félaginu eða er þátttakandi í einhvers konar kaupaukakerfum hjá félaginu
- er ekki tengdur fjölskylduböndum við ráðgjafa, stjórnendur eða yfirmenn félagsins
- er ekki tengdur viðskiptaböndum við aðra stjórnarmenn gegnum önnur félög
- er ekki fulltrúi stórs hluthafa
- hefur ekki verið stjórnarmaður í 9 ár eða lengur

Gildi og starfshættir

Við teljum að fyrirtæki, sem rekið er með langtímahagsmuni hluthafa að leiðarljósi, eigi að móta sér stefnu um þau gildi sem ráðandi eru í starfseminni. Gildin eiga að lýsa góðum fordæmum og ábyrgð í allri starfsemi félagsins. Þessi gildi eiga að lúta að samskiptum fyrirtækisins við starfsmenn sína, birgja og viðskiptamenn og lýsa þeirri virðingu sem félagið vill sýna því umhverfi og samfélagi sem það starfar í.

Við ætlumst til þess að stjórn fyrirtækis skilgreini þau gildi sem fyrirtækið hefur í heiðri á ígrundaðan hátt, leitist við að sniða þau að sérkennum félagsins og þau séu þannig úr garði gerð að hægt sé að innleiða þau og fylgja eftir með hagkvæmum hætti. Stjórnin skal fylgjast með því, með reglubundnum hætti, að gildi félagsins séu í heiðri höfð. Þá teljum við mikilvægt að stjórnin setji gott fordæmi, með vísan til þessara gilda, með eigin breytni og stuðli þannig að því að mið sé af þeim tekið í allri starfsemi félagsins til lengri tíma litið.

Við ætlumst til þess að fyrirtæki tileinki sér gott viðskiptasiðferði og leitist stöðugt við að halda í heiðri góða viðskipta- og stjórnarhætti.

Við ætlumst til þess að félög komi sér upp fyrirkomulagi þar sem hægt er að setja fram ábendingar til félagsins, sem bætt geta starfsemi þess. Auk þess ætlumst við til að félagið komi sér upp fyrirkomulagi þar sem starfsmönnum eða öðrum hagsmunaaðilum er gert mögulegt að koma á framfæri nafnlausum uppljóstrunum um atriði eða atvik sem valda þeim áhyggjum og benda til að mögulega geti verið um misferli að ræða.

Þá er mikilvægt að stjórnin sjái til þess að til staðar sé fyrirkomulag sem tryggir að mikilvæg málefni sem geta haft skaðleg áhrif á fjárhagsstöðu fyrirtækisins, orðspor þess eða áhættumat komist á skjótan og skilvirkan hátt til stjórnar þannig að hún hafi næga vitneskju til að bregðast við áður en verulegur skaði hlýst af.

Stjórnin á árlega, í ársskýrslu félagsins, að gera grein fyrir því hvernig hún hefur rækt skyldur sínar um að framfylgja og viðhalda gildum félagsins og tryggja að þau séu höfð að leiðarljósi í starfseminni. Hún á að gefa greinargóðar útskýringar á því hvað hún hefur aðhafst til uppfylla þetta ábyrgðarhlutverk sitt.

Starfskjör og upplýsingagjöf

Stjórn skal setja félaginu starfskjarastefnu í samræmi við ákvæði laga og góða stjórnarhætti. Við gerð stefnunnar skal leggja áherslu á skýrleika, sjálfbærni og langtíma hagsmuni félagsins. Starfskjarastefnan skal að lágmarki ná til starfskjara forstjóra, annarra æðstu stjórnenda og stjórnarmanna. Starfskjarastefnu og forsendur hennar skal kynna fyrir hluthöfum tímanlega fyrir aðalfund, þannig að hluthafar geti tekið upplýsta afstöðu til stefnunnar. Æskilegt er að stjórn hafi starfskjaranefnd sem skipuð er óháðum stjórnarmönnum að meirihluta til. Starfskjaranefnd á að hafa formlegt og gagnsætt verklag um hvernig hún mótar stefnu um starfskjör almennt, hvernig starfskjör stjórnenda eru ákveðin og hvernig tillaga að stjórnarlaunum er unnin. Enginn stjórnandi á að hafa heimildir til að ákveða eigin kjör eða hluta þeirra. Hafi tilnefningarnefnd verið kosin getur hún einnig sinnt þessu hlutverki.

Fjárhæðir í kjörum

Fjárhagsleg kjör stjórnenda eiga að vera nægjanlega góð til að laða að og halda í góða stjórnendur til að tryggja árangursríkan rekstur félagsins. Byggi kjör að einhverju leyti á breytilegum greiðslum skulu þau upplýst og rökstudd af stjórn/starfskjaranefnd og hafa skýran rekstrarlegan tilgang. Mikilvægt er að hafa langtíma markmið félagsins í huga þegar laun stjórnenda eru ákvæðin. Við ákvörðun um endurgjald fyrir stjórnarsetu skal taka mið af umfangi og eðli rekstrar, ásamt ábyrgð og vinnuframlagi stjórnarmanna.

Upplýsingagjöf

Tryggja skal að stjórnarháttaryfirlýsing og starfskjarastefna sé aðgengileg fyrir fjárfesta. Í ársskýrslu félagsins eiga að koma fram upplýsingar um hvernig reglum um stjórnarhætti og starfskjarastefnu hefur verið framfylgt.

Uppsagnarfrestur stjórnenda

Ráðningarsamningar stjórnenda eiga almennt ekki að innihalda ákvæði um lengri uppsagnarfrest en 12 mánuði, nema fram komi sérstök réttlætning á því ákvæði.

Gjafagreiðslur

Við teljum gjafir til stjórnenda eða fyrrum stjórnenda eða annarra er tengjast fyrirtæki umfram launakjör og umfram eðlilegt andvirði tækifærisgjafa sem tíðkast að gefa starfsmönnum almennt – óheimilar.

Eignarhald á hlutabréfum

Við styðjum eignarhald stjórnenda á hlutabréfum. Eignarhald stjórnenda á hlutabréfum á hafa fjárhagslega þýðingu með tilliti til heildar tekna. Við styðjum fyrirkomulag sem skyldar stjórnendur til að eiga hlutabréf sín a.m.k. að verulegu leyti í eitt ár eða meira eftir að þeir yfirgefa félagið.

Hlutabréfaeign starfsmanna

Við styðjum það að starfsmönnum sé gert kleift að spara með því að kaupa hlutabréf í viðkomandi félagi og fá þannig hluta hagnaðar, að því skilyrði uppfylltu að slík kaup fari eftir gagnsæjum reglum sem um það eru settar.

Viðskipti stjórnenda við eigið fyrirtæki

Við teljum óeðlilegt að stjórnendur eigi viðskipti við fyrirtæki sem þeir stjórna með öðrum kjörum en viðskiptamönnum bjóðast almennt.

Ábyrgð og endurskoðun

Skýrslur

Stjórn félagsins á að semja ársskýrslu sem gefur yfirvegað, raunsant og skiljanlegt mat á stöðu félagsins og horfum, bæði hvað varðar starfsemi og fjárhagslega þætti þ.m.t. talið hvernig stjórnin hefur rækt skyldur sínar. Við styðjum þá megin reglu að gefnar séu ítarlegar og gagnlegar upplýsingar um reksturinn að teknu tilliti til eðlilegra fyrirvara vegna viðskiptahagsmuna. Varast á staðlaðar lýsingar sem lítið er breytt milli ára og hafa takmarkað upplýsingagildi.

Innra eftirlit

Stjórn á að sjá til þess að koma á og viðhalda góðu innra eftirliti sem stuðlar að heilbrigðum rekstri og stendur vörð um eignir og hagsmuni félagsins.

Endurskoðunarnefnd

Í ársskýrslu á að tilgreina hlutverk endurskoðunarnefndar og gefa upplýsingar um starf nefndarinnar.

Endurskoðunarnefnd á árlega að veita stjórn ráðgjöf um val á endurskoðendum. Æskilegt er að hafa stefnu sem gengur út á að skipt sé um endurskoðendur með einhverju millibili.

Endurskoðunarnefnd á að vera skipuð þremur einstaklingum hið minnsta, og á að minnsta kosti einn þeirra, sem æskilegt er að sé formaður, að hafa staðgóða þekkingu og reynslu af fjármálum. Æskilegt er að formaður endurskoðunarnefndar sé ekki stjórnarmaður í félaginu.

Önnur þjónusta endurskoðenda

Fyrirtækið á að setja sér reglur sem tryggja að endurskoðunarnefnd fari yfir og samþykki alla aðra þjónustu frá endurskoðendum, bæði umfang og eðli, þannig að ljóst sé að slíkar greiðslur skaði ekki óhæði eða hlutlægni endurskoðenda.

Endurskoðendur

Endurskoðendur eiga að skila óháðri skýrslu til hluthafa í samræmi við viðteknar endurskoðunarvenjur og gera stjórn grein fyrir því að þeir hafi unnið á hlutlægan og sjálfstæðan hátt að endurskoðun sinni í samræmi við faglega staðla í greininni.

Ábyrgð í félags- og umhverfismálum

Ábyrgð fyrirtækja

Aukin vitund um umhverfismál og afleiðingar slæmrar umgengni til framtíðar litið hefur leitt til aukinna krafna um að fyrirtæki geri sér grein fyrir þeim áhrifum sem starfsemi þeirra hefur á umhverfið og móti sér stefnu í umhverfisvernd. Þetta lýtur að atriðum eins og að draga úr mengun, stuðla að líffræðilegum fjölbreytileika, stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda, en einnig að félagslegum þáttum þ.m.t. að virða mannréttindi. Neytendur lýsa í auknum mæli áhyggjum af áhrifum af starfsemi fyrirtækja á umhverfi og samfélag bæði í nágrenni sínu og í hnattrænu samhengi.

Við höfum mótað okkur eftirfarandi stefnu til að bregðast við þessum áhyggjum. Að okkar mati eiga fyrirtæki:

- að viðurkenna ábyrgð sína á þeim áhrifum sem starfsemi þeirra hefur á umhverfið og leitast við að beita bestu viðurkenndu aðferðum við að draga úr þessum áhrifum
- að upplýsa hluthafa um þá stefnu sem félagið hefur sett sér og þær aðferðir sem það notar við að uppfylla skyldur sínar um ábyrgð í umhverfismálum
- að virða kjarasamninga og alþjóðlega sáttmála og staðla um réttindi starfsmanna og um öruggt og heilbriggt starfsumhverfi
- að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að starfsemi þeirra hafi jákvæð félagsleg áhrif og gangi ekki gegn viðurkenndum mannréttindaákvæðum
- að sýna að fyrirtæki skuldbindur sig til að viðhafa bestu viðmið um viðskiptasiðferði
- að tryggja að stjórnin veiti góða leiðsögn og hafi gott eftirlit með því að fyrirtækið móti og fari eftir reglum um góða starfshætti.

Við gerum okkur grein fyrir því að félags- og umhverfisleg ábyrgð tekur til margra þátta, þar sem taka þarf tillit til ólíkra aðstæðna, starfsemi og staðsetningar þegar lagt er mat á starfsemi fyrirtækja.

Hvernig við metum fyrirtæki

Við höfum útbúið leiðbeiningar um ábyrgar fjárfestingar til að útskýra hvernig við metum stefnu fyrirtækja, þar sem við erum eða gætum verið fjárfestar, í umhverfis- og félagsmálum. Almenn ætlumst við til þess að félögin uppfylli þá viðurkenndu staðla um þessi efni sem mestar kröfur gera, hvort heldur sem þeir eru alþjóðlegir, staðbundnir eða taka sérstaklega til þeirrar atvinnugreinar sem félagið starfar í. Við ætlumst líka til þess að félögin upplýsi eigendur sína um þá stefnu sem þau hafa mótað og þá starfshætti sem þau viðhafa til að takast á við ábyrgð sína gagnvart þeim skyldum sem lýst er hér að neðan. Við notum leiðbeiningar, eins og *Leiðbeinandi reglur Sameinuðu Þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN Principles for Responsible Investments)*, til að meta hegðun fyrirtækja með tilliti til þessara þátta.

Ábyrgð gagnvart umhverfinu

Það er almennt viðurkennt að fyrirtæki bera ábyrgð á þeim áhrifum sem starfsemi þeirra og afurðir hafa á umhverfið. Ráðstafanir sem þau grípa til við að meta og draga úr þessum áhrifum geta sparað kostnað og bætt orðspor. Við ætlumst til að fyrirtæki:

- fari að lögum og reglum um umhverfismál
- geri sér grein fyrir, stýri og eftir föngum dragi úr þeim áhrifum sem starfsemin hefur á umhverfið

Samskipti við starfsmenn

Fyrirtæki sem virða réttindi starfsfólks og bjóða upp á öruggt og heilbriggt vinnuumhverfi fyrir starfsmenn sína eru líklegri til að njóta áhrifa þess í formi tryggari og duglegri starfsmanna. Við ætlumst til að fyrirtæki:

- virði lög, reglur og kjarasamninga um réttindi og skyldur starfsmanna sem gilda í hverri starfsgrein og á hverju starfssvæði
- sýni jákvæða viðleitni til að tryggja gott vinnuumhverfi
- móti sér stefnu um öryggi og heilbrigði á vinnustað og hafi til staðar verkferla til að koma slíkri stefnu í framkvæmd
- móti stefnu um jöfn tækifæri til vinnu innan félagsins og sjái til þess að farið sé eftir slíkri stefnu við ráðningar og ákvörðun starfskjara
- móti sér stefnu um menntun og þjálfun starfsmanna
- hafi frumkvæði að því að laða að og halda í hæfileikaríka starfsmenn, stuðla að aukinni framleiðni og gæðum, og hvetja starfsmenn til að sýna ábyrgð og vinna að því að fyrirtækið nái markmiðum sínum og virði þau gildi sem það hefur sett sér í starfsemi sinni

Mannréttindi og starfsemi á alþjóðavettvangi

Með starfsemi eða viðskiptum við aðila í löndum þar sem brot á mannréttindum viðgangast geta félög talist veita þögnult samþykki sitt fyrir slíkum gjörðum. Auk þess að ganga gegn alþjóðlegum sáttmálum felst í því ákveðið óöryggi bæði fyrir starfsemi þeirra og starfsmenn. Þau geta einnig átt á hættu að verða fyrir barðinu á aðgerðum neytenda eða félagasamtaka sem berjast gegn því að fyrirtæki hafi viðskiptasambönd í löndum þar sem slík sambönd kunna að nýtast stjórnvöldum sem ekki virða almenn mannréttindi gagnvart þegnum sínum.

Við ætlumst til að fyrirtæki sem hafa starfsemi eða eiga viðskipti við slík lönd:

- grípi til ráðstafana til að tryggja að starfsemi þeirra eða viðskipti brjóti ekki í bága við alþjóðlega viðurkenndar reglur um mannréttindi og að þau hafi ekki hag af viðskiptum við eða kaupi vörur frá aðilum sem stunda mannréttindabrot
- móti sér stefnu í mannréttindamálum og miðli henni og veiti leiðbeiningar til starfsmanna sinna, samstarfsaðila og birgja ef félagið er með starfsemi í eða á viðskipti við lönd þar sem borgaraleg og pólitísk réttindi eru ekki virt að mati viðurkenndra alþjóðastofnana

Viðskiptasiðferði

Sem einingar sem búa yfir auðlegð og áhrifavaldi hafa fyrirtæki umtalsverð áhrif á hagsæld, bæði í nærsamfélagi sínu og umheiminum. Jafnframt er ljóst að fyrirtæki sem ekki fylgja alþjóðlega viðurkenndum reglum um gott viðskiptasiðferði, hvað viðvíkur atriðum eins og mútum og spillingu, eiga á hættu að skaða verulega orðspor sitt og ímynd, sem getur haft mjög neikvæð áhrif á rekstur þeirra og samkeppnishæfni. Við ætlumst til þess að fyrirtæki hafi jákvæð áhrif á þau samfélög sem þau starfa í með því að móta sér stefnu og innleiða verklag um góðar starfsvenjur og viðskiptasiðferði í starfsemi sinni.

Athuganir okkar

Orðspor

Okkar markmið er að athuganir okkar og mat á því hvernig fyrirtæki og sjóðir sinna umhverfis- og félagslegum þáttum séu vandaðar og réttar með tilliti til þeirrar atvinnugreinar sem fyrirtækið starfar í. Við reynum að greina þau atriði sem geta haft áhrif á frammistöðu, verðmæti og orðspor félagsins.

Stapi sem fjárfestir

Kosningar

Stapi fer með atkvæði sitt á hluthafafundum í anda þessara leiðbeininga. Framkvæmdastjóri Stapa fer með atkvæði sjóðsins á hluthafafundum sem sjóðurinn á eignarhlut í, nema stjórn sjóðsins ákveði annað. Hann hefur heimild til að veita öðrum aðila umboð til að fara með atkvæðisrétt sjóðsins. Stapi kann einn, eða í samstarfi við aðra, að standa að tilnefningu stjórnarmanns fyrir stjórnarkjör. Standi Stapi einn að tilnefningunni skal það ákveðið sameiginlega af framkvæmdastjóra, formanni og varaformanni stjórnar.

Sjóðurinn mun yfirleitt kjósa gegn samþykkt ársreiknings ef ársskýrsla þess gefur ekki raunsanna mynd eða upplýsingar og stefna er ófullnægjandi.

Stapi mun ekki styðja val á stjórnarmönnum ef sjóðurinn hefur verulegar efasemdir um samsetningu stjórnarmanna og jafnvægi innan stjórnarinnar.

Aðalfundir og aðrir hluthafafundir

Stapi mun mæta á aðalfundi og aðra hluthafafundi til að gæta hagsmuna sinna, þegar talin er þörf á því og það talið svara kostnaði. Sjóðurinn mun yfirfara tillögur sem leggja á fyrir aðal- og hluthafafundi og meta hvort ástæða er til að bregðast við og/eða gera skoðanir sjóðsins á téðum tillögum kunnar.

Samskipti við fyrirtæki

Stapi er reiðubúinn að taka þátt í uppbyggilegum samræðum við fyrirtæki um áætlanir, árangur, gæði stjórnunar, gildi, áhættumat og aðra mikilvæga þætti með það að markmiði að bæta starfsemina og auka verðmæti hlutafjár.

Við ætlumst til þess að hluti af fastri starfsemi fyrirtækja sé að eiga reglubundin samskipti við fjárfesta um stjórnarhætti félagsins og aðra þá þætti sem mestu skipta í starfsemi viðkomandi félags.

Stapi mun eiga í reglulegum samskiptum við fyrirtæki sem sjóðurinn fjárfestir í. Það gefur okkur sem eigendum tækifæri til að hitta forsvarsmenn fyrirtækja, fara yfir árangur þeirra og framtíðar horfur. Við lítum á slík samskipti sem mikilvægan hluta af fjárfestingastefnu okkar og um leið tækifæri til að spyrja uppbyggilegra og krefjandi spurninga um þætti sem geta haft áhrif á hvort við viljum vera fjárfestar eða ekki.

Stöðug samskipti við stjórnendur fyrirtækja er ætlað að bæta mat okkar á fyrirtækjum og auka gæði fjárfestingaákvæðana. Stefnu okkar um virk samskipti er meðal annars ætlað, eins og frekast er kostur, að draga úr líkunum á óvæntum og neikvæðum upþákomum sem stafa af óvönduðum stjórnarháttum eða umhverfisslysum, sem hafa veruleg áhrif á verðmæti fyrirtækja. Við erum einnig í samskiptum við eftirlitsaðila og stjórnvöld vegna þessara mála með sömu markmið í huga.

Stapi mun koma á framfæri ábendingum telji hann að stefna eða ákvarðanir félags fari í bága við stefnu sjóðsins. Slíkar ábendingar kunna að vera bréflugar eða á vettvangi formlegra funda eftir atvikum. Bregðist félag ekki við slíkum ábendingum kann sjóðurinn að gera grein fyrir afstöðu sinni á hluthafafundum eða eftir atvikum með öðrum hætti.

Í samskiptum við fyrirtæki mun Stapi gæta að reglum um meðferð innherjaupplýsinga, jafnræði hluthafa og þeim sjónarmiðum sem samkeppnislög og virk samkeppni byggja á.

Mat á stjórnarháttum og kynning á stefnu Stapa

Við mat á stjórnarháttum fyrirtækja lítum við ekki eingöngu til fjárhagslegra þátta heldur tökum mið af þáttum sem skipt geta máli í starfsemi þeirra og árangri til lengri tíma litið. Stapi kynnir stefnu þessa fyrir þeim félögum sem hann fjárfestir í eða stýra fjármunum fyrir sjóðinn. Sjóðurinn mun árlega birta skýrslu um samskipti sín við hlutafélög og mat á stjórnarháttum í samræmi við stefnu þessa.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum Stapa lífeyrissjóðs á Hofsstöðum í Skagafirði 6. nóvember 2015